

15. nóvember 2022

Nefndarsvið Alþingis  
Mál nr. 53 / 153 löggjafarþing  
Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi)

Ég styð bann við blóðmerahaldi og get ekki orða bundist.

Meðferð blóðmera getur ekki samræmst markmiðum laga um dýravelferð.

Þau lönd sem við berum okkur jafnan saman við hafa bannað blóðmerarhald og er það ekki að ástæðulausu. Við eigum ekki að vera eftirbátar nágrannaþjóða okkar í þeim efnum.

Hérlendis er leyfilegt að taka **margfalt** það magn sem miðað er við í alþjóðlegum stöðlum, bæði hvað varðar magn hvert skipti, tíðni og heildarmagn, sbr. heimildir í grein dýralæknanna Barla Barandun og Prof. Dr. med. vet. Ewald Isenbügel. Þarna er gengið óhóflega á blóðmagn hryssu sem er bæði fylfull og mjólkandi. Hryssur sem eru flestar ótamndar og verulega óttaslegnar í ferlinu.

Til eru kemísk efni sem hafa sömu áhrif og PMSG (eCG) og þannig er óhófleg blóðtaka, álag og þjáning blóðmera orðin bæði óþörf og óréttmæt. PMSG (eCG) er þar að auki helst notað til stuðla að þauleldi / óeðlilegri frjósemi svína í verksmiðjubúskap og ógnar því bæði velferð hesta og svína.

Þó að dýralæknar séu viðstaddir og hafi umsjón með hverri einustu blóðtöku úr merum á Íslandi hefur það ekki dugað til þess að meðferð á hryssunum sé í lagi, sbr. heimildarmynd frá AWF og uppsögn samninga bænda í framhaldinu.

Meirihluti þjóðarinnar (66%) er andvíg blóðmerarhaldi sbr. skoðanakönnun, en aðeins 15% frekar eða mjög hlynnt, skv. könnun sem Prósent framkvæmdi 1.-10. desember sl.

Blóðmerahald skaðar ímynd lands og þjóðar.

Blóðmerahald skaðar ímynd og markaðssetningu íslenska hestsins erlendis.

Þar sem yfirbygging í blóðmerahaldi er nánast engin, hvorki í húsakosti né sérhæfðum búnaði er mjög auðvelt að leggja hana af án mikils fórnarkostnaðar.

*Ég skora á alþingi að sjá sóma sinn í að standa vörð um dýravelferð og samþykkja bann við blóðmerarhaldi.*

Birta Flókadóttir  
B.Sc. / MBA / hesteigandi